

Endurnýjun veitukerfa í Elliðaárdal

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 1. júní 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veitum ohf. um fyrirhugaða endurnýjun veitukerfa í Elliðaárdal, Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurnýjun veitukerfa í Elliðaárdal, Reykjavík. Fyrirspurn um matsskyldu. Mannvit, maí 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssviði, með bréfum dags. 20. júní og 19. júlí 2018
- Fiskistofu með bréfi dags. 28 júní 2018
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 20. júní 2018
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 28. júní 2018
- Vegagerðinni með bréfi dags. 15. júní 2018
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. júní 2018

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 5. júlí.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að Veitur ráðgera að endurnýja veitulagnir, hitaveitu, vatnsveitu og rafveitu, í Elliðaárdal og yfir Reykjanesbraut, ásamt því að leggja nýjar fráveitulagnir. Framkvæmdasvæðið er alls um 1,5 km langt og að mestu leyti þegar raskað. Framkvæmdirnar verða að hluta á verndarsvæði þar sem Elliðaárdalur er á náttúruminjaskrá og svæðið er jafnframt skilgreint sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Fram kemur að framkvæmdin feli í sér þverun Reykjanesbrautar með hefðbundnum greftri sem geti óhjákvæmilega valdið umferðatöfum og slyshættu. Til að tengja lagnir frá Reykjanesbraut við stofnæðar við Ártúnsbrekku þurfi að þvera Elliðaárnar við hlið núverandi lagnastokka. Þverun kvíslanna yrði með þeim hætti að útbúið verði framhjáhlaup með því að grafa allt að 100 m langan skurð fyrir eystri kvíslina, en eitthvað styttri fyrir vestari kvíslina og verða lagnirnar síðan grafnar í klöpp í botni ána. Fyrirhugað skurðstæði verður um 7-8 metra breitt og má gera ráð fyrir að tæki geti athafnað sig við hliðina á skurðstæði þannig að heildarbreidd vinnusvæðisins verður minnst um 12-14 metrar. Framkvæmdin yrði utan veiðitíma og gengið frá botni þannig að ekki verði hætta á rofi og yfirborð haft sem líkast því sem er í dag eða farið að tilmælum sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar um það.



Vatnsveita. Núverandi vatnslögn, frá árunum 1961 og 1965, er 700 mm steipt lögn í gegnum Elliðaárdalinn að hitaveitustokki við vestari kvísl Elliðaáanna. Gert er ráð fyrir að ný vatnslögn verði 800 mm í þvermál og lögð tæplega 1,5 km leið. Heildarbreidd vinnusvæðis verður 7-7,5 m miðað við að uppgröftur úr skurði verði keyrður burt og geymdur á opnu svæði í nágrenninu.

Hitaveita. Hluti núverandi hitaveitulagna er frá árinu 1974-5 og annar hluti frá 1985-6 og liggja í steiptum stokkum sem mynda þrjár brýr á steiptum stöplum yfir árnar en á fyllingu yfir hólmann milli kvíslanna. Gert er ráð fyrir að nýjar hitaveitulagnir verði tvær, 900 mm í þvermál, vestur yfir kvíslar Elliðaár og þaðan ein 900 mm og önnur 450 mm í þvermál og er heildarvegalengd lagnaleiðarinnar rúmlega 500 metrar.

Rafveita. Í Elliðaárdal er aðveitustöð og um svæðið liggja 132 kV, 11 kV og 400 V strengir auk stýristrengja.

Gert er ráð fyrir að lögð verði tvö ný sett af 11 kV strengjum auk ídráttarröra fyrir ljósleiðara og stýristrengi. Einnig verða lagðir strengir fyrir framtíðarnotkun íbúðarbyggðar norðar á svæðinu og verður heildarlengd lagnaleiðar vegna nýrra raflagna um 1200 metrar.

Fráveita. Í dag liggur um 400 mm blandlögn niður Elliðaárdalinn rétt austan Reykjanesbrautar. Lögð verður skólplögn (250 mm) frá fyrirhuguðu íbúðarhverfi við Bústaðaveg að núverandi blandlögn austur yfir Reykjanesbraut um 200 m leið og líklega einnig ofanvatnslögn.

4 UMHVERFISÁHRIF

Landslag og verndarsvæði

Fram kemur að rjúfa þurfi yfirborð á löngum kafla sem sé víðast hvar gróið og sums staðar á óröskuðu eða lítið röskuðu svæði. Grafa þurfi sundur kvíslar Elliðaáanna og breyta farvegi ána tímabundið þar sem lagnastæðið muni fara undir þær. Grafa þurfi allt að 100 m langa skurði við hvora kvísl fyrir framhjálaupin tvö og um 12-14 metra vinnusvæði þurfi í kringum skurðina. Losa þurfi um klöpp fyrir þessar tilfærslur og því verði um varanlegt rask á jarðlögum að ræða.

Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur (USKR) kemur fram að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna þess að um viðkvæmt og verndað náttúrusvæði sé að ræða og umtalsverð áhætta á neikvæðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Með umhverfismati gefist tækifæri til að rannsaka aðstæður enn betur m.a. með tilliti til mögulegrar hættu á olíumengun, rýna vandlega og greina mótvægisáðgerðir sem Hafrannsóknastofnun telji nauðsynlegar, en ekki síst gefist tækifæri til að meta betur aðra kosti sem ekki séu nefndir, sér í lagi möguleikann á að veitulagnir liggi áfram yfir árnar í einhvers konar stökk eða brú og þannig minnka til muna rask á Elliðaánum og Elliðaárhólmanum.

Í svörum Veitna kemur fram að kveðið verði á um eftirlit á vegum Hafrannsóknastofnunar vegna hugsanlega áhrifa á lífríki Elliðaáanna á meðan á framkvæmdum standi og vöktun eftir að þeim ljúki. Þar að auki er bent á að Hafrannsóknastofnun hafi reynslu af sambærilegum framkvæmdum við Úlfarsá. Til að tryggja aðkomu USKR að framkvæmdunum verður óskað eftir slíku samráði þegar sótt verði um framkvæmdaleyfi en þar gefst embættinu tækifæri á að koma að verkefninu, kynna sér fyrirbyggjandi áætlun og mótvægisáðgerðir Hafrannsóknastofnunar betur og taka þátt í samráði fyrir og meðan framkvæmdir standi yfir.

Fram kemur að framhjálaupsskurðir hafi ekki verið endanlega hannaðir en þeir verði í gömlu flóðfari ána. Gert sé ráð fyrir að samráð verði haft við Hafrannsóknastofnun og aðra hlutaðeigandi aðila um nákvæma legu þeirra.



Í frekari umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur (USKR), er talið jákvætt að samráð verði haft við Hafrannsóknastofnun um nákvæma legu framhjáhlaupsskurða og óskað eftir að einnig verði samráð við USKR vegna þessa.

Gróður

Fram kemur að lagnaleiðin sé að mestu gróin og að áhersla verði á að frágangur verði til fyrirmyndar. Bent sé á að mikil reynsla sé hjá framkvæmdaraðila við frágang og uppgræðslu á röskuðum svæðum.

Í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur er lögð áhersla á að alls staðar þar sem grafið sé fyrir lagnastæði verði gróður endurheimtur með gróðursetningum eða sáningum og þá helst gróður sem einkenni svæðið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Veitur taki undir athugasemdir USKR um að alls staðar þar sem grafið verði fyrir lagnastæði verði gróður endurheimtur með gróðursetningum og sáningum.

Vatnalíf

Fram kemur að í ljósi þess að framkvæmdin muni hafa inngríp í Elliðaár hafi verið leitað til Hafrannsóknastofnunar eftir leiðbeiningum um hvernig þurfi að standa að verki við fyrirhugaðar framkvæmdir við árnar. Eftirfarandi umfjöllun um þær leiðbeiningar er í tilkynningu Veitna:

„Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur meðal annars fram að í Elliðaánum gengur lax til sjávar þegar hann hefur náð gönguseiðastærð (um 10-14 cm) og kemur aftur eftir ársdvöl í sjó til hrygningar. Nokkuð af laxinum lifir af hrygningu og veturninn en gengur þá til hafs á ný (svokallaður hoplax). Hoplaxinn gengur til sjávar í apríl/maí, laxaseiði ganga til sjávar í maí/júní og fullorðinn lax gengur upp í árnar á tímabilinu júní – ágúst. Innan þessa tíma er síðan veiðitími í ánum sem er frá 1. maí til 15. september. Af þessu er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir þurfa að eiga sér stað utan veiðitíma og þekkts göngutíma laxfiska.

Í umsögninni kemur einnig fram að miðað við gefnar forsendur í framkvæmdalýsingu megi búast við að flatarmál botnsvæðis sem fer tímabundið á þurrt við framhjáhlaup verði um 800 m² í Austurkvísl og um 300 m² í Vesturkvísl Elliðaána. Til samanburðar er heildarflatarmál botnflatar Elliðaána neðan Elliðavatns 99.031 m² og hlutfall þess svæðis sem fer á þurrt er því um 1,1% af heildarbotnflati. Fyrirhugaður framkvæmdastaður í Austurkvísl er um 370 m frá ósi (miðað við háflóð) og framkvæmdastaður í Vesturkvísl er um 300 m frá ósi. Áhrifsvæði neðan við framkvæmdastað er því hlutfallslega stutt en lengd árnar frá ósi og upp að Elliðavatni eru tæplega 6.000 m.

Að mati Hafrannsóknastofnunar er mikilvægt að framfylgja eftirfarandi atriðum til að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á fiskstofna og annað ferskvatnslífriki Elliðaána:

- Tímasetningu framkvæmda skal hagað þannig að þær séu utan við helsta göngutíma fiska. Framkvæmdatími skal þannig vera einhvern tímamann á tímabilinu frá miðjum október fram í enda mars.
- Við framkvæmdina skal gera ráð fyrir vatnavöxtum. Framhjáhlaup skal hannað með það í huga og einnig varnargarðar sem beina árvatni frá framkvæmdastað.
- Forðast skal eins og mögulegt er að set/grugg berist frá framkvæmdastað í árvatnið. Framhjáhlaup skal hannað þannig að ekki skolist laust efni úr botni þess eða bökkum. Garðar sem veita árvatninu til framhjáhlaups skuli gerðir úr þvegnu (hreinu) efni af hentugri kornastærð. Hentugt getur verið að klæða garða með dúk til að forðast/lágmarka að vatn renni í gegnum þá og niður á framkvæmdasvæði. Frárennsli frá framkvæmdastað (t.d. skurðum og þurrum farvegi) eða vatn sem dælt er frá framkvæmdastað skal hreinsað af



mesta seti/gruggi áður en það berst til árinna. Útbúnar skulu settjarnir, sandsíur eða annar búnaður til hreinsunar.)

- *Upphaflegt botnefni (efsta 20-30 cm lagið) sem fjarlægja þarf af botni Elliðaáa vegna framkvæmdanna skal geymt og notað aftur sem efsta lag á röskuðum árbotni og frágangur sem líkastur því sem var fyrir framkvæmdir.*
- *Jarðefni sem grafið er upp eða fellur til við framkvæmdina skal sett í örugga fjarlægð frá árbakka þannig að tryggt sé að gruggugt vatn eða set berist ekki til árinna. Meta skal fjarlægð miðað við aðstæður á svæðinu (þar sem land hallar að árbakkanum, gróður er lítill eða jarðvegur frosinn þarf fjarlægð að vera meiri).*
- *Rennsli Elliðaáa neðan við framkvæmdastað skal haldið í samræmi við náttúrulegt rennsli og þess gætt að þar verði aldrei vatnspurrð, hvorki þegar árvatni er hleypt á framhjállaup né þegar árvatni er hleypt aftur í náttúrulegan farveg eftir framkvæmdir.*
- *Hreinsa skal áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ána þannig að tryggt sé að olíur, eða önnur skaðleg efni sem geta verið á áhöldum eða vélum berist ekki í árvatnið.*
- *Óhörðnuð steypa er mengandi. Hún breytir pH gildi vatnsins og er hættuleg lífríkinu komist hún í beina snertingu við árvatnið. Steypa þarf því að harðna í a.m.k. viku áður en árvatni er hleypt í snertingu við hana.*
- *Vinnuvélar skulu ekki aka yfir eða í árfarvegi nema í brýnni nauðsyn. Ganga skal frá framkvæmdastað sem næst því ástandi sem var fyrir framkvæmdir.*
- *Ganga skal frá jarðvegssárum þannig að gróður þeirra verði sem líkastur því sem var fyrir framkvæmdir, ýmist með fræsáningu eða með því að tyrfa yfir jarðvegssár. Með því skal tryggð upphaflega ásýnd bakka og að ekki skolist úr jarðvegssárum niður í árvatnið.*
- *Lagt er til að þéttleiki og tegundasamsetning seiða laxfiska og smádýra verði skoðaður á framkvæmdastað áður en framkvæmdir hefjast og verði mæld árlega í u.þ.b. 2-3 ár eftir að framkvæmdum líkur. Með því móti er hægt að meta og staðfesta hversu langan tíma neikvæðra áhrifa gætir og hvort þau áhrif séu varanleg. Hægt væri að grípa til mótvægisáðgerða ef þurfa þykir.*
- *Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógnað geti lífríkinu (t.d. olíuleki). Frávík skulu skráð.“*

Hafrannsóknastofnun vísar einnig til sambærilegrar framkvæmdar við Úlfarsá þar sem áin hafi verið færð í nýjan farveg á um 130 m kafla vegna framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegar. Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar hafi komið í ljós að þéttleiki laxaseiða í nýjum farvegi var orðinn sambærilegur við það sem var fyrir framkvæmdir eftir um eitt ár. Líkur séu á að smádýr og fiskar leiti inn á raskað svæði í Elliðaánum af nærliggjandi svæðum og að lífríki komist í samt lag á tiltölulega stuttum tíma.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að miðað við fyrirliggjandi gögn þá sé fyrirhuguð framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum hvað varðar lífríki Elliðaáa og að í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu sé gerð nægjanleg grein fyrir eðli framkvæmdar, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er m.a. bent á að lífríki Elliðaáanna og dalsins sé viðkvæmt og sé þegar undir miklu álagi vegna aðliggjandi byggðar og atvinnustarfsemi. Ljóst sé að rask á þessu svæði geti haft áhrif á vatnsgæði ána. Bent sé á að samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns skuli sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir grípa til aðgerða sem miði að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skuli grípa til úrbóta ef ástand vatns hraki eða ef það verði lakara en ástandsflokkun. Austari kvísl Elliðaáanna hafi fallið í A flokk og vestari kvíslin í A og B flokk í flestum þáttum við ástandsflokkun ána árið 2004.



Komið hafi verið niður á olíumengaðan jarðveg á svæðinu þar sem Rafstöðvarvegur var þveraður en þar stóðu tveir stórir olíutankar vegna Toppstöðvarinnar. Kanna þurfi umfang mengunar á svæðinu áður en framkvæmdir hefjist og meta hættu á að olíumengun geti borist úr í umhverfið. Gruggmyndun á framkvæmdatíma sé einnig áhættuþáttur, einnig olíumengun frá tækjabúnaði. Tímabundin færsla ána gæti haft umtalsverð áhrif á lífríki ána gæti, en erfitt sé að spá fyrir um hve mikil þau verða.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum þar sem umtalsverð hætta sé á neikvæðum umhverfisáhrifum vegna hennar. Mikilvægt sé að greina alla áhættuþætti framkvæmdarinnar vel, kanna aðra valkosti, gera vöktunaráætlun og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum. Með mati á umhverfisáhrifum yrði tekið á öllum þessum atriðum.

Í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur er bent á sértæk áhrif á lífríki og þar vegi áhrif á lífríki Elliðaána þyngst, einkum laxfiska. Áhrif vegna inngripa í búsvæði lífvera geti verið erfitt að spá fyrir um og óvissa alltaf til staðar. Til að tryggja að aðstæður fari sem fyrst í eðlilegt form þurfi að huga að mótvægisáðgerðum og einnig þurfi að varast óhöpp í framkvæmdaferlinu. Jákvætt sé að Hafrannsóknastofnun hafi verið með í ráðum við undirbúning fyrirspurnarinnar því vel hafi verið athugað hvernig forðast megi neikvæð áhrif á lífríki ána. Ráðleggingar Hafró séu margar og margs konar og því sé mjög brýnt að fyrirmælum sé fylgt í hvívetna og verði til staðar skilvirkt eftirlit með framkvæmdinni. Einnig sé þörf á rannsóknnum á lífríki eins og Hafrannsóknastofnun leggi til. Þrátt fyrir góða raun af tímabundinni tilfærslu árfarvegs Úlfarsár við breikkun Vesturlandsvegar þar sem lífríkið hafi jafnaði sig fljótt, sé ekki hægt að fullyrða að áhrif á það verði lítil í þessu tilfelli.

Bent sé á að hinar fjölmörgu ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar varpi ljósi á hversu viðamikil þessi framkvæmd sé með tilliti til Elliðaána og lífríkis þeirra og hvað lítið muni þurfa út af að bera til að illa fari.

Framkvæmdin geti einnig skapað hættu á mengun, einkum úr jarðvegi en olíumengaður jarðvegur hafi fundist á framkvæmdasvæðinu austan Elliðaána og ekki sé vel þekkt hver útbreiðsla hans sé á þessum slóðum. Einnig sé alltaf mengunarhætta þegar vinnuvélar séu að störfum í og við viðkvæmar ár og ómengaður jarðvegur geti valdið gruggmengun ef hann berst í miklu magni í vatn.

Í svörum Veitna er vísað til umsagnar Hafrannsóknastofnunar með tilkynningu um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. En þar komi fram að:

- *Áhrif framkvæmda verða mikil á skilgreindu framkvæmdasvæði en líklega verði þau einskorðuð við það svæði sem fari á þurrt og tímabundin ef leitast verði við að skipuleggja framkvæmdir þannig að röskun verði sem minnst.*
- *Við mat á áhrifum framkvæmda við Úlfarsá hafi komið fram að þéttleiki laxaseiða í nýjum farvegi var orðinn sambærilegur við það sem var fyrir framkvæmdir eftir um eitt ár. Líkur séu á að smádyr og fiskar leiti inn á raskað svæði í Elliðaánunum af nærliggjandi svæðum og að lífríki komist í samt lag á tiltölulega stuttum tíma líkt og gerðist eftir framkvæmdir við Úlfarsá.*
- *Ef farið verði í þessar framkvæmdir með því að veitulagnir verði grafnar undir árbotn beggja kvísla Elliðaána og þær gerðar með tilliti til ofangreindra atriða sé það mat Hafrannsóknastofnunar að áhrif á ferskvatnslífríki í Elliðaám verði talsverð en staðbundin og tímabundin og hafi því ekki alvarleg neikvæð áhrif til lengri tíma.*

Veitur taka undir með HER um að gæta þurfi fyllstu varkárni vegna hugsanlegrar olíumengunar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og er gert ráð fyrir að kannað verði hvort olíumengun sé til staðar áður en framkvæmdir hefjast og verði óskað eftir samráði við USKR við þá vinnu. Veitur telja að ekki sé þörf á fullu ferli mats á umhverfisáhrifum til þess að sjá til þess að farið verði að fyllstu varkárni varðandi olíumengun. Slíkt verði unnt að leysa í framkvæmdaleyfi og ferlinu sem því fylgi.



Hvað varðar hugsanlega olíumengun frá tækjum sem notuð verða eru strangar reglur sem gilda um verktaka á vegum Veitna. Við fyrirhugaðar framkvæmdir muni sömu reglur gilda og við framkvæmdir Veitna innan vatnsverndarsvæða í Heiðmörk. Með eftirliti með tækjum og vinnuvélum og takmörkun á flutningi olíu og annarra mengandi efna vegna framkvæmda á svæðinu megi koma í veg fyrir hugsanleg óhöpp við árnar. Verði óhöpp þá verði gripið til nauðsynlegra aðgerða í samræmi við viðbragðsáætlanir Veitna er varðar óhöpp við árfarvegi.

Veitur taka ekki undir að fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld þar sem þeir þættir sem HER bendi á í umsögn sinni hafi nú þegar verið greindir auk þess sem fyrir liggja ítarleg áætlun um að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Einnig sé kveðið á um eftirlit á meðan á framkvæmdum stendur og vöktun eftir að framkvæmdum ljúki á vegum Hafrannsóknastofnunar vegna hugsanlegra áhrifa á lífríki Elliðaáanna. Til að auka samráð og tryggja aðkomu HER að framkvæmdunum verði óskað eftir slíku samráði í ferli við umsókn um framkvæmdaleyfi en þar gefst Eftirlitinu tækifæri á að koma að verkefninu, kynna sér fyrirbyggjandi áætlun og mótvægisáðgerðir Hafrannsóknastofnunar betur og taka þátt í samráði fyrir og meðan á framkvæmdum stendur.

Veitur eru meðvituð um að farið er um viðkvæmt svæði og því verði þess gætt að fara með ítrustu aðgát og samráð verði haft við alla viðkomandi aðila, meðal annars HER. Með mótvægisáðgerðum sé talið að hægt verði að halda umhverfisáhrifum í lágmarki, þó ljóst sé að áhrif á framkvæmdatíma verði neikvæð sökum rasks. Valkostagreining hafi farið fram og Veitur telji að frekari athuganir muni ekki leiða í ljós að ný staðsetning verði betri. Veitur telji að hægt verði að leysa úr samráðsmálum í undirbúningi framkvæmdaleyfis og öðrum leyfisferlum og ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Í viðbrögðum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur (USKR) við svörum Veitna telur USKR að umsögn Hafrannsóknastofnunar vegi mjög þungt varðandi mat á umhverfisáhrifum þess að þvera Elliðaárna og færa farveg þeirra tímabundið. USKR áréttar að ljóst sé að áhrif framkvæmda verði mikil og þrátt fyrir að líklegt sé að þau verði tímabundin og að einhverju leyti afturkræf og þótt eftirköst framkvæmda við Úlfarsá gefi góða raun, sé alltaf verið að taka áhættu með svona miklu inngrípi. Elliðaárna séu hverfisverndaðar og metnar með mikið verndargildi og velferð lífríkis þeirra skipti borgarbúa alla miklu máli. Því þurfi að stíga varlega til jarðar og því ekki óðeðlilegt að ígrundað sé vandlega hvort heildstætt umhverfismat sé nauðsynlegt. USKR treysti þó að sjálfsögðu álitni Hafrannsóknastofnunar varðandi líkleg langtímaáhrif. Áætlun um hvernig öryggis- og mótvægisáðgerðir samhliða framkvæmdinni geti tryggt að umhverfisáhrif verði í lágmarki sé lykilorð til að framkvæmdin geti átt sér stað eins og Veitur stefni að. USKR muni fylgja því eftir í öllum leyfisveitingum og umsögnum sem muni eiga sér stað á síðari stígum.

Þrátt fyrir að USKR telji enn að áhætta af framkvæmdunum fyrir lífríki Elliðaáanna sé töluverð og að áframhaldandi lega veitulagna ofanjarðar í stækkuðum stokki hefði að öllum líkindum töluvert minni umhverfisáhrif en áætluð þverun, þá geti USKR að betur hugsuðu máli tekið undir með Veitum og fleiri umsagnaraðilum, að fullt mat á umhverfisáhrifum sé ef til vill óþarfi og ólíklegt til að auka vitneskju um möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Einnig taki USKR undir með Veitum að tækifæri verði fyrir USKR sem og aðra samráðsaðila að koma með tillögur og athugasemdir við gerð framkvæmdaleyfis og samhliða öðrum leyfisferlum.

Bent er á að til staðar þurfi að vera viðbragðsáætlun ef upp komi ófyrirséð vandamál t.d. ný vitneskja um mengaðan jarðveg, frávik við tímabundinn flutning Elliðaáanna, óásættanleg gruggmengun, tafir á framkvæmdum o.s.f.v. USKR áskilur sér rétt til að koma með frekari tillögur og athugasemdir við undirbúning framkvæmdaleyfis.

Tekið sé undir að jákvætt og mikilvægt sé að kannað verði hvort olíumengun sé til staðar og að viðbragðsáætlun verði til reiðu. Samráð við USKR og sérstaklega Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sé mikilvægt í því samhengi. USKR sé sammála Veitum um að óvissa um olíumengun ein og sér sé ekki ástæða fyrir fullu mati á umhverfisáhrifum.



Landnotkun

Fram kemur að lagnirnar muni þvera Reykjanesbraut og liggja yfir Elliðaárdal auk þess að þvera tún neðst á skíðasvæði í Ártúnsbrekku. Ekki sé talið að framkvæmdin muni hafa mikil áhrif á útivistarfólk, hún verði utan veiðitíma á Elliðaám og skíðaiðkunar í Ártúnsbrekku og liggi þó nokkuð fjarri helstu göngu og hjólréiðaleiðum.

Í umsögn Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur kemur fram að meta hefði þurft betur alla valkosti við endurnýjun lagna, bæði aðrar staðsetningar sem og hvort og hvernig hægt sé að komast hjá því að grafa lagnirnar undir árnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ítarleg greining hafi farið fram á hinum ýmsu kostum við undirbúning framkvæmdanna, m.a. áhættumat. Ástæður þess að núverandi valkostur sé lagður til sé m.a. að áhætta sé metin minni en fyrir aðra valkosti, tæknilegir annmarkar séu í lágmarki og minni sjónræn áhrif eftir að framkvæmdum ljúki sem og að hann sé metinn fjárhagslega hagkvæmastur. Sé litið til annarra valkosta megi segja að eina raunhæfa leiðin yfir Elliðaárdalinn sé í fyrirhuguðu lagnastæði. Framhald fyrirhugaðra framkvæmda sé í kjölfarið á fyrirhugaðri þverun Elliðaáanna. Ef farið yrði annars staðar myndi m.a. hitaveitulagnaleið lengjast mikið, sem sé mjög kostnaðarsamt og líklega óásættanlegt fyrir rekstur kerfisins. Að auki myndi rask í Elliðaárdalnum aukast með lengri lagnaleiðum. Þar sem fyrirhuguð þverun Elliðaáanna sé ráðgerð sé svæðið nú þegar raskað þar sem steypdir voru stöplar undir núverandi stokk. Eðlilegt sé að á jafn viðkvæmu svæði og í Elliðaárdalnum sé mannvirkjabeltum haldið sem fæstum vegna rasks eða haft á svæðum sem nú þegar hefur verið raskað.

Auk þess valkosti sem settur sé fram í tilkynningu hafi eftirfarandi kostir við þverun Elliðaáa verið skoðaðir:

Borun undir Elliðaárnar. Niðurstaða áhættugreiningar var að slík framkvæmd sé of áhættusöm aðgerð þar sem lítil reynsla er af slíkum borunum hér á landi af þessari stærðargráðu og einnig eru jarðfræðiaðstæður erfiðar sem og viðhald

Lagnir ofanjarðar á brúm. Skoðað var að leggja lagnir ofanjarðar á núverandi brúm. Sú aðferð er ekki metin fýsileg vegna þess að leggja þarf bráðabirgðalagnir á framkvæmdatíma með tilheyrandi raski auk þess sem það er mjög kostnaðarsamt. Einnig mælir það gegn þeirri hugmynd að um er að ræða töluverð sjónræn áhrif eftir að framkvæmdum líkur og ekki er talið fýsilegt að hafa kaldavatnslögn ofanjarðar.

Lagnir ofanjarðar í stokki. Gert var ástandsmat á núverandi stokkum og stöplum. Niðurstaða þess mats er að stöplarnir þarfnast smávægilegs viðhalds en eru að öðru leyti í lagi. Stokkarnir eru aftur á móti illa farnir og þarfnast mjög mikils viðhalds. Að auki henta núverandi stokkar ekki fyrir þær lagnir sem fyrirhugaðar eru þarna á milli. Ef stokkar verða endurnýjaðir í núverandi legu þarf að leggja bráðabirgðalagnir á verktíma með tilheyrandi raski og kostnaði og steypa nýja stokka. Töluvert mikið rask fylgi þeirri aðferð, auk þess sem það er mjög kostnaðarsamt.

Ennfremur er bent á að í tilkynningu Veitna sé megin áherslan lögð á að lýsa umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda við þverun Elliðaáanna þar sem röskun verði á lífríki árinna á framkvæmdatíma. Leitað var til Hafrannsóknastofnunar sem gaf umsögn um framkvæmdina sem fylgdi tilkynningunni.

Í frekari umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur kemur fram að í svari Veitna varðandi aðra valkosti hafi miklum upplýsingum verið bætt við sem ekki hafi komið fram í fyrirspurninni. Ljóst sé að aðrar staðsetningar fyrir lagnaleið komi ekki til greina og yrðu til þess að áhrifasvæði framkvæmdar yrði enn meira. Borun undir Elliðaár sé sömuleiðis of áhættusöm framkvæmd. Varðandi möguleika á að leggja lagnir ofanjarðar í brú eða í stokk sé bent á mikinn kostnað og aukarask ef leggja þurfi bráðabirgðalagnir á verktíma og töluverð sjónræn áhrif af legu ofanjarðar.



USKR telur að rök um kostnað eigi ekki að hafa áhrif á ákvörðun um umhverfismat og ekki hafi verið sýnt fram á hvers eðlis rask af slíkri framkvæmd yrði og hvort það yrði meira, minna eða svipað og áætlað rask við að þvera Elliðaárnar. Sjónræn áhrif vegna legu veitulagna ofanjarðar hafi einnig minna vægi í borgarlandslagi en í óraskaðri náttúru og megi benda á að töluverð sjónræn áhrif séu af núverandi stokki sem og nálægum samgöngumannvirkjum við Vesturlandsveg og Reykjanesbraut. Því ætti stækkaður stokkur ekki að valda mjög neikvæðum sjónrænum áhrifum á þessu svæði að mati USKR.

Jarðmyndanir

Fram kemur að við þverun Elliðaárhólma verði farið um Leitahraun en eldhraun njóti verndar skv. lögum nr. 60/2013 en á því sé undantekning skv. greinargerð með frumvarpi til þeirra laga en þar segi m.a.: „*Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.“*

Fram kemur að samkvæmt framangreindu hafi eldhraun sem sé hulið jarðvegi og gróðri að öllu jöfnu tapað ákveðnum einkennum og njóti því ekki sérstakrar verndar samkvæmt framangreindri skýringu. Með þverun Elliðaáanna og um Elliðaárhólma sé farið um eldhraun en á fyrirhugaðri lagnaleið um það svæði sé farið um þéttan jarðveg og gróður auk þess sem botn Elliðaáanna sjálfra sé hulinn botnseti og möl. Ekki sé því talið að fyrrnefnt verndarákvæði um eldhraun eigi við um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar kemur fram að í tilkynningu sé sýnt fram á að verndargildi hraunsins gæti hafa rýrnað þar sem það sé að hluta til hulið jarðvegi og gróðri meðfram núverandi legu lagna í stokknum.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Þar er Elliðaárdalurinn skilgreindur sem opið svæði sem nýtur hverfisverndar og er ætlaður til útivistar.

Í gildi er deiliskipulag Elliðaárdals þar sem lagnastokkur yfir Elliðaár er sýndur. Að mati Skipulagsstofnunar kalla fyrirhugaðar framkvæmdir á málsmæðferð skv. 43. gr. skipulagslaga, 1., 2., eða 3. m.gr.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurnýjun veitukerfa í neðanverðum Elliðaárdal þar sem megin framkvæmdin felst í að þvera Elliðaár og hólma við hlið núverandi hitaveitustokka. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21. í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Með framkvæmdunum er verið að endurnýja hitaveitu-, vatnsveitu-, rafveitu-, skól- og ofanvatnslagnir er liggja yfir Elliðaár skammt sunnan Miklubrautar/Ártúnsbrekku og sameina á einni lagnaleið yfir árnar, hólmann og Reykjanesbraut um 500 m langa leið. Lagnirnar verða lagðar í jörðu og má gera ráð fyrir að megin framkvæmdasvæðið verði allt að 15 m breitt, skurður um 7 m, vinnuvegur og svæði fyrir uppmokstur. Utan þverunar Elliðaáa og Reykjanesbrautar nær endurnýjun einstakra lagna mislangt. Við þverun Elliðaáa er gert ráð fyrir að grafa lagnirnar niður í botninn í stað þess að hafa þær í stokkum á steiptum stöplum yfir árnar eins og nú er. Á framkvæmdatíma þarf að veita árvatninu framhjá vinnusvæðinu eftir um 100 m löngum og 7-8 m breiðum skurði á árbakkanum og verður breidd vinnusvæðis 12-14 metrar. Nákvæm lega framhjáhlaupsskurðar verður ákveðin í samráði við Hafrannsóknastofnun. Framkvæmdin er ekki umfangsmikil en mun óhjákvæmilega hafa í för með sér talsvert rask á afmörkuðu svæði og valda gangandi, hjólandi og akandi vegfarendum ónæði á framkvæmdatíma og rýra útivistarupplifun í námunda við framkvæmdasvæðið í Elliðaárdal.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða og sérstæðra jarðmyndana.

Eins of áður sagði er framkvæmdasvæðið ekki umfangsmikið en megin hluti þess á viðkvæmu svæði, botn, bakkar og hólmi Elliðaáa þar sem vinnusvæði mun raska í heildina um einum hektara. Viðkvæmasti hluti framkvæmdasvæðisins er botn Elliðaáanna í báðum kvíslum sem mun þorna á kafla á meðan á framkvæmdum stendur. Hafrannsóknastofnun hefur skrifað ítarlega greinargerð um það hvernig standa þurfi að verki við þverun ána og frágang að verki loknu og vísar til reynslu af hliðstæðu verkefni við þverun Úlfarsár. Árnar verða þveraðar utan veiðitíma og er tímabilið október-mars æskilegast. Gert er ráð fyrir að verktími við þverun beggja kvíslanna verði tvær vikur. Í Elliðaárhólma er Leitahraun, en þar sem það er að mestu þakið jarðvegi er það ekki talið njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Elliðaárnar og svæðið á milli þeirra nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi og er opið svæði til útivistar. Elliðaárdalur er fjölsótt útivistarsvæði og á meðan á framkvæmdum stendur mun útivistar fólk verða fyrir truflunum þar sem göngu/hjóllaleiðum kann að verða lokað á framkvæmdatíma. Ekki er hætt á að sérstæðum gróðri verði raskað en framkvæmdaraðili leggur áherslu á að vandað verði til frágangs. Neikvæð áhrif með hliðsjón af staðsetningu eru fyrst og fremst bundin við framkvæmdatíma en þegar gengið hefur verið frá svæðinu og það hefur jafnað sig að loknum framkvæmdum er ekki ástæða til að ætla að gildi þess til útivistar hafi hrakað.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við endurnýjun veitukerfa í Elliðaárdal felast fyrst og fremst í áhrifum á lífríki Elliðaár. Byggt á framlögðum gögnum eiga þau áhrif aðeins að verða tímabundin en ekki varanleg sé tilmælum Hafrannsóknastofnunar fylgt. Eðli málsins samkvæmt þarf að hafa náið samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um frekari undirbúning framkvæmdarinnar og leyfisveitingar.



Ganga þarf úr skugga um að ekki muni stafa hættu af hugsanlegri olíumengun í jarðvegi á framkvæmdasvæðinu austan Elliðaáa. Tryggja þarf að í leyfum séu skýr fyrirmæli til allra aðila sem að framkvæmdinni koma um hvernig þarf að standa að verki. Áformum um uppgræðslu og aðrar mótvægisaðgerðir vegna rasks á landi verði fylgt eftir og gerð grein fyrir viðbragðsáætlunum vegna hugsanlegra mengunaróhappa, frávika við tímabundinn flutning Elliðaáanna og óásættanlegrar gruggmyndunar.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2018.

Reykjavík, 3. september 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson